

Hella 8.október 2025



Erindi til sveitarstjórnar/byggðaráðs Rangárpings ytra

Óskir frá Ungmennafélaginu Heklu um úrbætur í íþróttahúsi v. fjárhagsáætlunar Rangárpings ytra 2026.

Körfuknattleikur er fjölmennasta íþróttagreinin innan UMF.Heklu, en hana æfa um 80 iðkendur á aldrinum 6-16 ára. Starfið er metnaðarfullt og hefur m.a. verið haldið úti liði með öðrum félögum í sýslunni (Dímon-Garpur-Hekla) á Íslandsmótum síðastliðin 3 ár.

Þrátt fyrir mikinn fjölda sem æfir íþróttina þá er aðstöðumálum körfuboltans ábótavant. Í lengri tíma hafa fjórar körfuboltakörfur á þvervöllum í íþróttahúsinu á Hellu verið bilaðar svo ekki er hægt að hækka og lækka þær eftir þörfum sem kemur verulega niður á gæðum æfinga. Þessu hefur verið komið á framfæri við starfsfólk sveitarfélagsins en körfurnar eru enn í sömu stöðu. Var þetta ítrekað með erindi 29.apríl síðastliðinn án úrbóta.

Nú liggur fyrir að nauðsynlegt er að fara í frekari úrbætur vegna körfuboltakarfanna á þvervöllum íþróttahússins. Brúin yfir í World-Class líkamsræktina gerir það að verkum að staðsetning á körfunum skilar sér ekki í gildum velli og þyrfti því að færa körfurnar. Enn fremur voru ekki málaðar línur fyrir vellina þegar að gólfíð í húsinu var tekið í gegn í sumar. Enn fremur þá er stigatafla/klukka fyrir körfuboltann komin til ára sinna.

Í öllu því sem að er ábótavant felast eftir sem áður tækifæri. Þegar ljóst er að það þarf að fara í frekari úrbætur, en ekki einungis plástra það sem fyrir er, er rétt að gera það á metnaðarfullan hátt.

Ungmennafélagið Hekla óskar því eftir því að gert verði ráð fyrir fjármagni í næstu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins til þess að hægt sé að koma upp fjórum rafmagnsdrifnum körfum á þvervöllum íþróttahúss og að stigatafla/klukka verði endurnýjuð ásamt viðeigandi búnaði.

Kostnaður við slíkar körfur og framkvæmdina í heild sinni veltur á gæðum þeirra, en verð skv. erlendum vefsíðum er upp undir 1.500.000 kr. per körfu. Stjórn

Ungmennafélagsins Heklu óskar því eftir því að sveitarfélagið geri ráð fyrir 10.000.000 kr. í úrbætur á aðstöðu fyrir körfuboltann á næstu fjárhagsáætlun og styðji með raunverulegum hætti við öflugt körfuboltastarf Umf.Heklu.

Með von um jákvæð viðbrögð

F.h stjórnar Ungmennafélagsins Heklu

Ástþór Jón Ragnheiðarson, formaður